



## Reglur um greiðslur vegna dvalar barna hjá dagforeldrum í Ölfusi

### Gildir frá 1. ágúst 2024

1. Sveitarfélagið Ölfus samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna úr Ölfusi hjá dagforeldrum. Dagforeldrar eiga val um að greiðsla á sumarmánuði falli til í júlí eða ágúst. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð hverju sinni að fenginni tillögu frá fjölskyldu og fræðslusviði.
2. Skilyrði fyrir greiðslum eru eftirfarandi:
  - a. Að foreldri / forráðamaður og barn eigi lögheimili í Sveitarfélaginu Ölfusi
  - b. Að barn hafi náð 12 mánaða aldri hjá foreldrum í sambúð þegar greiðsla hefst og 7,5 mánaða aldri hjá einstæðu foreldri og námsmönnum. Skila þarf inn staðfestingu skóla til velferðarþjónustu Ölfuss, [velferd@olfus.is](mailto:velferd@olfus.is), sé um námsmenn að ræða.
  - c. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt [reglugerð um daggæslu í heimahúsi nr. 907/2005 með síðari breytingum](#).
  - d. Að barn sé slysatryggt.
  - e. Að dagforeldri sækji námskeið í skyndihjálpi, slysavörnum barna og eldvarnarnámskeið a.m.k. á 2 ára fresti.
  - f. Að þríhliða samningur sé undirritaður af dagforeldri, foreldri/forráðamanni og samþykktur af deildarstjóra velferðarþjónustu eða sviðsstjóra fjölskyldu og fræðslusviðs.
3. Mánaðarleg greiðsla miðast við dvalartíma barns og er samkvæmt gildandi gjaldskrá Sveitarfélagsins Ölfuss hverju sinni.
4. Systkinaafsláttur fæst þegar systkini sem eru samtímis hjá dagforeldri, í leikskóla eða í frístund. Annað barn fær 30% afslátt og þriðja 50% afslátt. Sótt er um systkinaafsláttinn til leikskólastjóra eða hjá [velferd@olfus.is](mailto:velferd@olfus.is)

Reglur þessar voru samþykktar af fjölskyldu- og fræðslunefnd þann 20.06.2024 og staðfestar af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfus þann 27.06.2024 og miðast gildistaka við þann dag er bæjarstjórn staðfesti reglurnar.